

- 28** 41. Whiles, Margaret Lilja, barn í Reykjavík, fædd í Bandaríkjum Norður-
23. maí Ameríku 28. ágúst 1954.
42. Wirkner, Christa Ingeburg, húsmóðir í Keflavík, f. í Þýzkalandi 22. des. 1929.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgara-
rétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um
mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

29

23. maí

L Ö G

um eignarnámsheild fyrir Húsavíkurkaupstað á svokölluðu
Preststúni í Húsavíkurlandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að taka eignarnámi svokallað Preststún í
Húsavíkurlandi. Andvirði túnsins verði óskilorðsbundin eign Húsavíkurkirkju.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.